

# Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson,  
Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir

## Lífsviðhorf og gildi Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi

Í greininni er fjallað um fyrstu niðurstöður rannsóknar á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks í fjölmenningsamfélagi. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að rannsaka lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks (18–24 ára) í íslensku samfélagi. Rannsóknin á sér breiða fræðilega umgjörð og byggir á þverfaglegri nálgun trúaruppeldisfræði, fjölmenningarfræði og uppeldisfræði. Aðferðir eru blandaðar, meginindlegar og eiginlegar. Viðhorfakönnun hefur verið lögð fyrir nemendum í alls fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Greinin fjallar um niðurstöður viðhorfakönnunarinnar sem lögð var fyrir vorið 2011. Könnunin tók m. a. til þátta varðandi sjálfsmynd, fjölskyldu, trúarbrögð og ólíkan uppruna. Í niðurstöðum kemur fram að þrátt fyrir samfélagsbreytingar telur unga fólk að fjölskyldan hafi meiri áhrif á viðhorf þeirra en vinirnir og virðist hún vera kjarninn í tilveru þeirra. Stór hluti svarenda segja það lærdómsríkt að eiga vini af ólíkum uppruna og taka mjög ákveðna afstöðu gegn kynþáttafordómum. Niðurstöður benda einnig til þess að margir þátttakenda virðist ekki hafa þörf fyrir að leita til trúarbragðanna þegar þeir túlka líf sitt og reynslu og leitast við að gera það merkingarbært. Munurinn milli kynja kemur skýrt fram í afstöðunni til trúarlegra þátta og lífsgilda, þar sem hlutfallslega fleiri strákar tilgreina sig trúlausa eða utan trúfélaga en stúlkur.

Gunnar E. Finnbogason er prófessor við Kennaradeild, Gunnar J. Gunnarsson er dósent við Kennaradeild, Halla Jónsdóttir er aðjunkt við Kennaradeild og Hanna Ragnarsdóttir er dósent við Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

### **Attitudes to life and values of young adults in upper secondary schools in Iceland**

The article discusses the attitudes of young adults (age 18-24) to life and values in Iceland, a multicultural society. The research project is located within a broad theoretical framework and uses interdisciplinary approaches of religious education, multicultural studies and pedagogy. Methodological approaches are both quantitative and qualitative. A survey was conducted among students in four upper secondary schools in the Reykjavík area and other areas of Iceland in the spring of 2011 covering measures of self identity, family ties, religious affiliations and background variables. The findings of the survey indicate that in spite of societal changes the young adults regard their families as being more influential in shaping their attitudes than their friends and their families appear to be the

centre of their everyday lives. Most of the participants consider it inspiring to have friends of different origins and have strong opinions against racism. Most of the young adults do not consider religion important in their interpretation of life. Gender differences appear in attitudes towards religious issues and life values, where more young men than women claim to be atheist or not to belong to religious societies.

Gunnar E. Finnbogason is professor, Gunnar J. Gunnarsson is associate professor and Halla Jónsdóttir is adjunct, all at the Faculty of Teacher Education; School of Education, University of Iceland. Hanna Ragnarsdóttir is associate professor at the Faculty of Pedagogy and Education, School of Education, University of Iceland.

## Inngangur

Meginmarkmið rannsóknarinnar, sem fjallað er um í grein þessari, er að rannsaka lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks (18 – 24 ára) í fjölmenningsamfélagi. Þekking á þessu sviði er gagnleg fyrir frekari umræður um samfélagsþróun og sjálfsskilning og félagslega og siðferðilega hæfni ungs fólks, til dæmis í tengslum við skólustarf og námsgreinar á borð við lífsleikni, fjölmenningsfræði og trúarbragðafræði. Ýmsar áhugaverðar rannsóknir hafa verið gerðar á aðstæðum, lífsstíl og heilbrigði ungs fólks á Íslandi undanfarin ár (sjá t.d. Friðrik H. Jónsson, 2006; Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 2004a, 2004b; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Þórhallur Örn Guðlaugsson, 2005; Þór-oddur Bjarnason, 2006). Í þeim flestum hefur þó tiltölulega lítið verið fjallað um lífsgildi og lífsviðhorf unga fólksins. Í rannsókninni, sem hér er til umfjöllunar, er leitast við að skoða þau grundvallargildi sem áhrif hafa á viðhorf og daglegt líf ungs fólks á Íslandi og þar sker þessi rannsókn sig úr þeim rannsóknum sem nefndar eru hér að ofan. Í greininni er at-  
hyglinni sérstaklega beint að þremur þáttum í rannsókninni, þ.e. trú og tilvistartúlkun, lífs-  
gildum og gildismati og samskiptum og margbreytileika.

## Fræðileg umgjörð og lykilhugtök

Margbreytileiki nútímasamfélaga hefur aukist jafnt og þétt, varðandi uppruna fólks, þjóð-  
erni, menningu, tungumál og trúarbrögð (Mor Barak, 2005). Íslenskt samfélag er þar  
engin undantekning og hér á landi býr nú fólk með ólíkan menningarlegan bakgrunn  
(Hagstofa Íslands, 2011a). Þar sem rannsóknin, sem hér um ræðir, snýst um að skoða  
lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks í fjölmenningsamfélagi var valin sú leið að byggja  
fræðilega umgjörð hennar á gagnrýninni fjölmenningshyggju (e. *critical multiculturalism*)  
þar sem hún leggur áherslu á að greina hvaða þættir í formgerð tiltekinnna samfélaga  
valda og viðhalda ólíkri stöðu hópa og einstaklinga, bæði innan og milli samfélaga, hópa  
og skóla (Banks, 2007; Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Nieto, 2010). Parekh (2006), einn af  
þekktari fræðimönnum sem hafa fjallað um fjölmenningu á undanförunum árum, hefur lagt  
áherslu á að leita þurfi leiða til að virkja einstaklinga í fjölmenningsamfélögum til þátt-  
töku og koma þannig í veg fyrir mismunun og ójafna stöðu þeirra.

Um leið og margbreytileiki samfélaga nútímans eykst hafa innbyrðis tengsl fólks víða um  
heim einnig gjörbreyst. Atburðir sem eiga sér stað einhvers staðar í veröldinni hafa áhrif á  
líf fólks víða um heim. Að mati Popkewitz og Rizvi (2009) hafa hnattræn samskipti rofið  
hin hefðbundnu tengsl svæðis og sjálfsmýndar. Þeir telja að sjálfsmýnd einstaklinga geti  
því að nokkru leyti þróast óháð tíma, stað og hefðum ef þeir svo kjósa. Hnattræn sam-  
skipti og hnattvæðing hafa því mikil áhrif á líf ungmenna í nútímasamfélögum.

Hugtakið hnattvæðing er flókið og margslungið. Það vísar til fjármála, viðskipta, fólksflutn-  
inga og samskipta, svo að fátt eitt sé nefnt. Það er þó fyrst eftir 1990 með tölvubyltingunni  
og netvæðingu sem hnattvæðingin snertir einstaklinga. Þá hafa einstaklingar, sem eru

netvæddir, tækifæri til að vera í samskiptum við fólk víðs vegar um heim, fylgjast með gangi mála og með fjölmiðlum og njóta menningar hinum megin á hnettinum, þótt setið sé við tölvuna heima (Bauman, 2000; Held og McGrew, 2003). Spyrja má hvort þetta hafi áhrif á einstaklinga. Banks (2007) hefur bent á að menning þjóðar sé ekki aðeins arfur liðinna kynslóða, heldur sé hún annars vegar innra með okkur og hins vegar umlyki hún okkur. Hún sé lifandi og móti hverja kynslóð. Því verði hver einstaklingur margbreytilegur ekki síður en samfélagið í hnattvæddu fjölmenningsamfélagi. Jafnframt hefur verið bent á að nútímasamfélög einkennist af óvissu og aukinni einstaklingshyggju og minni samstöðu meðal folks (Bauman, 2007).

Sú fullyrðing að ungt fólk sé í auknum mæli mótað af einstaklingshyggju hefur verið staðfest með rannsóknum og þeim sem vinna með ungu fólki (Krangle, 2004). Þessi einstaklingsvæðing einkennist af breytingum á tengslum innan fjölskyldunnar, innan menntakerfisins, á vinnumarkaðnum, innan félagslífsins og stjórnmalanna.

### Einstaklingsvæðing

Beck (1992) lýsir einkennum einstaklingsvæðingar á eftirfarandi hátt: (1) Ungt fólk rífi sig frá sögulegu, samfélagslegu samhengi og tengslum; (2) hafi misst tengsl við trúarhugmyndir og grundvallarnorm samfélagsins; (3) félagsmótunarferlið hafi breyst. Þá benda Beck og Beck-Gernsheim (2001) á að einstaklingsvæðingin tengist ekki eingöngu efnahagslegum formgerðum og stofnanalegum breytingum heldur hafi félagslegt athafnarými einstaklingsins einnig orðið meira bundið við stofnanir velferðarkerfisins og markaðarins. Þau halda því fram að þessar breytingar hafi átt sér stað án þess að fólk hafi tekið eftir þeim.

Beck (1992) hefur í sínu fræðilega starfi sett fram þrjár tilgátur um einstaklingsvæðinguna og einkenni hennar. Í fyrsta lagi talar hann um leysingu (e. *liberation*) og á þá við upplausn félagslegra tengsla sem tengjast hinu hefðbundna samfélagi og iðnaðarsamfélaginu. Félaglegur uppruni sé óljós og félagslegt öryggi sé ekki lengur til staðar. Þetta rof á hefðbundnum tengslum hafi gert það að verkum að einstaklingurinn sé óháðari en áður en um leið þurfi hann að takast á við hið nýja stofnanavædda þvingunargangverk í síðnútímasamfélagi (e. *postmodern society*). Þetta tengist stofnunum eins og atvinnulífinu, menntakerfinu og ólíkum leiðum í öryggisneti velferðarkerfisins. Vegna þessa telja Beck (1992) og Beck-Gernsheim (2001) að einstaklingsvæðingin hafi ekki mikið með frelsi einstaklingsins að gera.

Í öðru lagi talar Beck (1992) um breytingar á lífshlaupi einstaklinga sem orðið hafa í síðnútíma. Beck og Beck-Gernsheim (2001) telja að finna megi þessar breytingar frá því að einstaklingur fer í gegnum leikskóla – menntakerfi – atvinnulíf og fram á elliár. Unglingaskeiðið sé ekki eins afmarkað tímaskeið og vel skilgreint og áður. Lífshlaup ungs fólks sé með öðrum orðum einstaklingsbundnara en áður.

Í þriðja lagi nefnir Beck (1992) að þessi félagslega og menningarlega leysing tengist fjölhyggju. Afleiðing leysingar sé að það verði til fáir vel skilgreindir félagslegir hópar og síðan margir laustengdir menningarhópar, þar sem þessi félagslegu tengsl verði sífellt meira fljótandi.

Bauman (2007) heldur því fram að nútímann einkenni fljótandi samfélagsástand. Þetta ástand einkennist af mjög hröðum breytingum og miklu óöryggi. Það hafi ákveðnar félagslegar afleiðingar, þ.e.a.s. unglingar haldi sig við eigin sjálfsmynd og tilveru. Fjölhyggjan feli í sér þá afstöðu að allir einstaklingar eða hópar hafi rétt til að tjá sig og tala fyrir sig sjálf, með eigin röddu. Ekki séu heldur nein ráðandi gildi sem hafi forgang umfram önnur.

## Tilvistartúlkun

Margbreytileiki, óvissa og hreyfanleiki lífs í nútímasamfélagi vekur spurningar um hvernig ungt fólk túlkar líf sitt og hvernig lífsgildi þess mótast. Mikilvægur þáttur rannsóknarinnar er því að skoða hvernig ungt fólk upplifir og túlkar líf sitt og gildismat í fjölmenningsamfélagi á tíma hnattvæðingar og hvaða þætti það telur mikilvægasta í því að móta og hafa áhrif á lífsviðhorf sitt.

Í norrænu samhengi hafa tvö lykilhugtök komið mikið við sögu í tengslum við rannsóknir á lífsviðhorfi fólks, þ.e. hugtökin tilvistartúlkun (s. *livstolkning*) og tilvistarspurningar (s. *livsfrágor*). Hartman (1986a, 1986b, 2000) hefur bent á að breytilegar aðstæður og skilyrði á mismunandi tímabilum lífsins skapi sífellt nýjar tilvistarspurningar sem fólk þarf að takast á við. Tilvistarspurningarnar vakna vegna þess að fólk veltir fyrir sér og íhugar reynslu sína og aðstæður. Það finnur hjá sér þörf fyrir að skilja og skapa merkingu í lífi sínu. Tilvistartúlkunin snýst þannig um að gera lífið merkingarbært og tengist viðleitni einstaklingsins að finna merkingu og tilgang í reynslu sína af lífinu og tilverunni. Þegar Gravem (1996) ræðir og skilgreinir hugtakið tilvistartúlkun talar hann um manninn sem leitandi að merkingu. Við mennirnir, bæði sem einstaklingar og sameiginlega, leitumst við að túlka okkur sjálf og veröldina á mismunandi hátt, háð menningu okkar og lífsmáta. Svipaða áherslu sjáum við bæði hjá Skeie (1998, 2002) og Haakedal (2004) sem tala um að tilvistartúlkun einstaklingsins sé ferli sem fari alltaf fram í tilteknu félagslegu og menningarlegu samhengi. Undanfarna áratugi, með auknum margbreytileika fjölmenningsamfélagsins og óljósum og meira fljótandi viðmiðum, hefur umræðan um merkingarkreppu (e. *crisis of meaning*) farið vaxandi. Berger og Luckmann (1995) ræða þetta og halda því fram að spurningar, sem snúast um að ná áttum menningarlega í lífinu, séu á meðal þeirra brýnustu í nútímasamfélagi. Þeir benda jafnframt á að það geti reynst snúið í fjölhyggjusamfélögum nútímans.

Tilvistartúlkun á sér alltaf stað í menningarlegu samhengi og þar af leiðandi þarf að beina athyglinni í senn að einstaklingnum og því menningarlega og félagslega umhverfi sem hann skírskotar til þegar hann túlkar líf sitt. Í því sambandi er sá skilningur á menningu mikilvægur sem leggur áherslu á það sem er merkingargefandi. Menning snýst m.a. um það sem við tengjum merkingu og gildi við og felur í sér leiðir til að skapa og staðfesta þá merkingu. Geertz (1973) er einn þeirra sem hefur skilgreint menningu á þann hátt en hann talar um menningu sem sögulega miðlað mynstur merkingar sem hefur tekið á sig mynd í táknum, þ.e. kerfi hugmynda sem tekið er að erfðum og tjáð í táknrænum formum, og menn miðla, viðhalda og þróa með þekkingu sína og afstöðu til lífsins.

Parekh (2006) heldur fram svipuðum skilningi á menningu. Hann bendir á að fólk leitist við að gefa lífi sínu og veröldinni merkingu og að það spyrji spurninga um merkingu og gildi mannlegs lífs, athafna og sambanda. Menning er að hans skilningi sögulega skapað kerfi merkingar og gilda eða kerfi lífsviðhorfa og venja sem hópur af fólki skírskotar til þegar það skilur og skipuleggur líf sitt í samfélagi með öðrum.

## Lífsgildi og samskipti

Þróun félagslegra og menningarlegra aðstæðna á Íslandi undanfarin ár virðist hafa leitt til aukinnar óvissu í lífi ungs fólks hér á landi. Það lifir í nokkurs konar spennu milli einsleitni og margbreytileika, öryggis og óöryggis og fjölmenningin hefur áhrif á líf þess og hugmyndir (Gunnar J. Gunnarsson, 2008). Slíkar aðstæður geta leitt af sér merkingarkreppu og spurningar um tilgang og jafnvel rökræður um hversu flókið og óöruggt líf í nútímasamfélagi getur verið. Á tímum fjölmenningar og einstaklingsvæðingar sýna rannsóknir með ungu fólki að sú samfélagsþróun, sem orðið hefur, hefur haft mikil áhrif á afstöðu ungs fólks og aðstæður (Krange, 2004). Ziehe og Stubenrauch (1990) halda því fram að lífsgildin hafi leyst upp í stöðugt fleiri þætti og að einstaklingurinn, margklofinn, takist á við

Þetta ástand og standi í auknum mæli frammi fyrir sjálfum sér sem framandi fyrirbæri. Afleiðingar þessarar þróunar verði þær að veruleikinn verði sífellt meira framandi fyrir ungt fólk.

Í ljósi þessarar samfélagsþróunar er því mikilvægt að kanna hvernig ungt fólk tjáir sig um lífsviðhorf sitt og gildismat. Gildi tengjast spurningunni um hið góða líf. Þau snúast um áherslur í lífinu, hvaða stefna er tekin og hafa þar með áhrif á athafnir einstaklingsins. Gildin stuðla að því að skapa samhangandi sýn á tilveruna sem ungt fólk hefur þörf fyrir. Gildismat verður því hluti af sjálfsmynd einstaklingsins og sjálfsskilningi og hefur áhrif á hvernig hann túlkar líf sitt (Gunnar E. Finnbogason, 2004). Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að kanna hvernig ungt fólk tekst á við gildi í hinu daglega lífi og hvernig það upplifir þýðingu þeirra bæði sem einstaklingar og í samskiptum við aðra.

Dewey (1916/1966) heldur því fram í *Democracy and Education* að samskipti séu grundvallarhugtak í allri menntun. Hann heldur því einnig fram að hægt sé að miðla merkingu í samskiptum. Hann lítur m.a. á samskipti sem ferli þar sem reynslu sé deilt með öðrum og hún verði sameiginleg eign hópsins. Vegna þessa skipti þátttaka miklu máli. Með þátttöku er átt við samræðu og samstarf að sameiginlegum verkefnum. Einn mikilvægasti þáttur í miðlun gilda er því samræður og samskipti milli einstaklinga (Halla Jónsdóttir, 2010).

Í hnattvæddu fjölmenningsamfélagi er einstaklingi nauðsynlegt að búa yfir gagnrýnni hugsun, siðferðispreki og samskiptahæfni. Þar ógna þöggun, einstaklingshyggja, siðleysi og fordómar. Í grein sinni *Fjár sjóður fordómanna* gerir Kristján Kristjánsson (1999) greinarmun á því sem hann nefnir fljótadóma og forherta dóma. Fljótadómar eru að skilningi Kristjáns fljótvirknislegar ályktanir sem leiðréttist auðveldlega í rökræðum og efniviður til samræðna. Forhertir dómar séu aftur á móti fordómar sem felldir eru af þeim sem vita betur eða ættu að vita betur. Þeir sem haldnir eru forhertum dómum taki alla jafna ekki rökum og daufheyrist við fortölum. Halla Jónsdóttir (2010, bls. 137) bendir á að það sé „ein uppistaðan í lýðræðislegum lífsmáta að einstaklingur er fær um að mynda eigin skoðun, byggja á vel grunduðu máli, en að láta ekki undan meirihlutaprýstingi eða fylgja í blindni skoðunum annarra“.

Parekh (2006) ræðir hvernig menningarlegur margbreytileiki getur skapað aðstæður þar sem mismunandi menning hafi tækifæri til að taka þátt í gagnkvæmri samræðu. Mismunandi listrænir, bókmenntalegir og siðferðislegir straumar og hefðir séu þannig áskorun um gagnkvæma athugun á ólíkri menningu og hugmyndum þar sem ýmislegt sé fengið að láni frá annarri menningu og tilraunir gerðar með mismunandi hugmyndir. Það geti svo fætt af sér nýjar hugmyndir og reynslu sem annars hefði ekki orðið til. Ólík menning getur því bæði bætt og fyllt upp hver aðra. Hér skiptir samræðan og að virkja einstaklingana til þátttöku í fjölmenningsamfélaginu miklu máli.

## Rannsóknin – Markmið, aðferðir og framkvæmd

Rannsóknin hófst haustið 2010 og er skipulögð sem þriggja ára verkefni. Í rannsókninni eru notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir, eigindlegar og megindlegar.

Rannsóknin er annars vegar viðhorfakönnun (Cohen, Manion og Morrison, 2000) sem lögð er fyrir ungt fólk í framhaldsskólum. Úrtakið er ungmenni (18 ára og eldri) í sjö framhaldsskólum, þremur á höfuðborgarsvæðinu og fjórum utan þess. Lagður var fyrir spurningalisti sem áður hafði verið forþróaður með tveimur rýnihópum ungmenna á aldrinum 16–21 árs. Að því loknu var viðhorfakönnunin lagfærð í nokkrum atriðum og jafnframt var ákveðið var að miða úrtakið við 18 ára og eldri. Á grundvelli niðurstaðna viðhorfakönnunarinnar verða síðar tekin rýnihópaviðtöl við blandaða hópa nemenda í öllum skólunum um valin viðfangsefni rannsóknarinnar.

Viðhorfakannanir eru notaðar með stórum hópum til að athuga viðhorf og skoðanir meirihlutans (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Í rannsókninni er spurt um bakgrunnsþætti, svo sem kyn, fæðingarár, þjóðerni, menntun foreldra, uppruna foreldra, móðurmál og mál tölu á heimili, hugmyndir um framtíðarmenntun og trúfélag. Í viðhorfakönnuninni velja þátttakendur hvort þeir séu sammála eða ósammála staðhæfingum um ýmsa þætti í lífi þeirra, svo sem samskipti, samkeppni, einelti og fordóma, trú og lífsgildi. Alls svara þátttakendur 77 staðhæfingum, hverri með alls fimm svarmöguleikum sem mótaðir eru samkvæmt Likert-kvarða, þ.e. mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála, mjög ósammála og veit ekki (Cohen o.fl., 2000).

Meginþemun í rannsókninni eru eftirfarandi: Lífsviðhorf, sjálfsmynd og líðan, samskipti og afstaða til annarra, gildi og gildismat, margbreytileiki. Í þessari grein eru kynntar nokkrar niðurstöður fyrsta áfanga rannsóknarinnar sem fram fór vorið 2011, þ.e. úr viðhorfakönnuninni í fjórum framhaldsskólum, tveim á höfuðborgarsvæðinu og tveim utan þess. Næmendum, 18 ára og eldri í þessum skólum, var boðið að taka þátt í rannsókninni og alls svöruðu 529 viðhorfakönnuninni.

## Niðurstöður

Hér verður fjallað um nokkrar af þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir úr viðhorfakönnuninni sem lögð hefur verið fyrir nemendum í fjórum framhaldsskólum. Athyglinni verður beint að atriðum sem lúta að trú og tilvistartúlkun, lífsgildum og gildismati og samskiptum og margbreytileika.

### Trú og tilvistartúlkun

Nokkrar þeirra staðhæfinga, sem unga fólk var beðið að taka afstöðu til í viðhorfakönnuninni, fólu í sér atriði sem tengjast trú og tilvistartúlkun eða tæplega 20. Meðal annars var spurt um mikilvægi trúarbragða í samfélaginu, gildi helgiritra trúarbragðanna á tímum vísindalegrar þekkingar, gildi trúarlegrar iðkunar, hvort taka skuli tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú, hvort trúarbrögð hafi áhrif á viðhorf, spurninguna um upphaf alheimsins, hvort spurningin um tilvist guðs sé áhugaverð o.fl. Þau dæmi sem hér eru tekin varpa nokkru ljósi á gildi og áhrif trúar eða trúarbragða í lífi unga fólksins.

Staðhæfingunni „Mér finnast trúarbrögð mikilvæg í samfélaginu“ var ætlað að varpa ljósi afstöðu ungs fólks til mikilvægis eða gildis trúarbragða í nútímasamfélaginu. Þegar hópurinn er skoðaður í heild blasir við sú mynd sem sjá má í *Töflu 1*.

Ef teknir eru saman þeir sem merktu við mjög eða frekar sammála er þriðjungur þeirra sem svöruðu þeirrar skoðunar að trúarbrögð séu mikilvæg í samfélaginu. Meirihlutinn eða 57% voru aftur á móti frekar eða mjög ósammála staðhæfingunni og 10% merktu við „veit ekki“. Munur á milli kynja er tiltölulega lítill.

**Tafla 1 – Mér finnast trúarbrögð mikilvæg í samfélaginu.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	29	5,6
<b>Frekar sammála</b>	143	27,4
<b>Frekar ósammála</b>	148	28,4
<b>Mjög ósammála</b>	149	28,6
<b>Veit ekki</b>	52	10,0
<b>Alls</b>	521	100,0

**Tafla 2 – Trúarbrögð hafa haft mikil áhrif á viðhorf mín.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	31	5,9
<b>Frekar sammála</b>	61	11,7
<b>Frekar ósammála</b>	142	27,2
<b>Mjög ósammála</b>	236	45,2
<b>Veit ekki</b>	52	10,0
<b>Alls</b>	522	100,0

Svör við staðhæfingu, sem beinist beint að áhrifum trúarbragða á viðhorf einstaklinganna sýna aðra mynd. Þegar skoðuð eru svörin við staðhæfingunni: „Trúarbrögð hafa mikil áhrif á viðhorf mín“ kemur í ljós að það eru aðeins 17,6% sem merktu við mjög eða frekar sammála, sbr. *Töflu 2*.

Í könnuninni lýstu 45,2% sig aftur á móti mjög ósammála fullyrðingunni og þegar þeim sem merktu við frekar ósammála er bætt við er hlutfallið orðið 72,4%. Einn af hverjum tíu merkti við „veit ekki“. Það eru því tæplega þrjú af hverjum fjórum sem töldu að trúarbrögð hafi haft lítil áhrif á viðhorf þeirra. Hér er munurinn milli kynja einnig lítill.

Ein staðhæfingin snerist um gildi helgiritra trúarbragða nú á dögum vísindalegrar þekkingar. Þegar svörin við henni eru skoðuð kemur í ljós meiri hlutinn er mjög eða frekar sammála því að það sé lítið, sjá *Töflu 3*.

**Tafla 3 – Helgirit trúarbragðanna hafa lítið gildi nú á dögum vísindalegrar þekkingar.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	161	30,8
<b>Frekar sammála</b>	145	27,8
<b>Frekar ósammála</b>	88	16,9
<b>Mjög ósammála</b>	34	6,5
<b>Veit ekki</b>	94	18,0
<b>Alls</b>	522	100,0

Í svörunum merktu 58,6% við mjög eða frekar sammála en 23,4% við frekar eða mjög ósammála. Hér vekur athygli hve hátt hlutfall merkti við „veit ekki“ eða 18%. Þegar svörin eru skoðuð eftir kyni kemur í ljós munur á milli kynja. Um 61% strákanna merktu við mjög eða frekar sammála en 54% stelpna. Hóparnir eru þó álíka stórir ef tekið er saman hverjir merktu við frekar eða mjög ósammála eða 24% af hvoru kyni. Hins vegar merktu mun fleiri stelpur við veit ekki eða 22% á móti 15% stráka.

Svör við staðhæfingunni „Trúarleg iðkun (t.d. bæn) hefur mikla þýðingu fyrir mig“, sýnir einnig mun á milli kynja. Almennt virðist trúarleg iðkun eða bæn ekki hafa mikla þýðingu fyrir hópinn, sbr. *Töflu 4*. Í könnuninni merktu 24,8% við frekar ósammála og 49,5% við mjög ósammála, samtals 74,3%. Aðeins 18,7% merktu við mjög eða frekar sammála. Það er þó algengara að trúarleg iðkun/bæn hafi þýðingu fyrir stelpur. Um 23% þeirra merktu við mjög eða frekar sammála en aðeins 16% stráka. Á hinn bóginn merktu um 70% stelpna við mjög eða frekar ósammála og um 78% stráka en 7% merktu við „veit ekki“.

**Tafla 4 – Trúarleg iðkun (t.d. bæn) hefur mikla þýðingu fyrir mig.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	28	5,3
<b>Frekar sammála</b>	70	13,3
<b>Frekar ósammála</b>	130	24,8
<b>Mjög ósammála</b>	260	49,5
<b>Veit ekki</b>	37	7,0
<b>Alls</b>	525	100,0

Þegar kemur að spurningunni um tilvist guðs er meirihlutinn þeirrar skoðunar að hún sé mjög áhugaverð. Eins og *Tafla 5* sýnir merktu 32,5% við mjög sammála og þegar þeim er bætt við sem merktu við frekar sammála er hlutfallið orðið 56,9%. Rétt tæpur þriðjungur, eða 32,1%, merktu við frekar eða mjög ósammála. Hér er einnig munur á milli kynja en um 59% stelpna merktu við mjög eða frekar sammála en 55% stráka. Í svörunum merktu 28% stelpna við frekar eða mjög ósammála en af strákunum merktu 39% við þá möguleika. Fleiri stelpur eða 13% þeirra merktu við „veit ekki“ á móti 6% stráka.

**Tafla 5 – Spurningin um tilvist guðs er mjög áhugaverð spurning.**


	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	169	32,5
<b>Frekar sammála</b>	127	24,4
<b>Frekar ósammála</b>	76	14,6
<b>Mjög ósammála</b>	91	17,5
<b>Veit ekki</b>	57	11,0
<b>Alls</b>	520	100,0

Áhugavert er að skoða hvort trú eða aðild að trúfélagi hefur áhrif á afstöðu unga fólksins. Þegar spurningalistinn var lagður fyrir voru þátttakendur beðnir að gefa upp trúfélagsaðild eða hvort þeir væru utan trúfélaga. Eins og við mátti búast út frá skráningu þjóðarinnar í trúfélög (Hagstofa Íslands, 2011b) tilgreindi stærsti hluti hópsins sig sem tilheyrandi þjóðkirkjunni (66,9%). Hér skal þó tekið fram að hluti þessa hóps skrifaði „kristin“ en virðist þó með því hafa átt við þjóðkirkjuna og er talinn þar með. Næst stærsti hlutinn eru þeir sem tilgreindu sig utan trúfélaga (23,4%). Sum þeirra skrifuðu reyndar „trúlaus“ en í úrvinnslunni er þetta tekið saman. Aðrir hópar voru mun minni. Munurinn milli kynja er hins vegar töluverður eins og *Mynd 1* sýnir:

Í prósentum talið tilgreina 72,7% stelpna sig í þjóðkirkju á móti 60,1% stráka. Í svörunum tilgreindu 16,3% stelpna sig utan trúfélaga/trúlaus á móti 23,4% stráka. Undir liðnum annað eru einstaklingar sem tilgreindu sig tilheyrandi ýmsum trúarbrögðum og trúfélögum.

Þegar nokkrar af ofangreindum staðhæfingum eru skoðaðar í þessu ljósi kemur fram að unga fólk virðist oftast ekki vera sjálfu sér samkvæmt í því hvernig það svarar fullyrðingum um trúarleg efni og hvernig það hefur tilgreint trú eða trúfélagsaðild. Hér eru tekin þrjú dæmi sem sýna þetta og er athyglinni eingöngu beint að stóru hópnum tveimur, þ.e. þjóðkirkja og utan trúfélaga/trúlaus.





Mynd 1 – Aðild að trúfélögum með tilliti til kynferðis.

Þegar svörin við staðhæfingunni „Helgirit trúarbragðanna hafa lítið gildi nú á dögum vísindalegrar þekkingar“ voru skoðuð eftir trúfélagsaðild kom í ljós að margir þeirra sem tilgreindu sig tilheyrandi þjóðkirkju merktu við mjög eða frekar sammála eða um 52%. Hlutfall þeirra sem tilgreindu sig trúlaus eða utan trúfélaga er þó mun hærra en þar merktu um 75% við mjög eða frekar sammála. Um 30% þeirra sem tilheyra þjóðkirkju merktu við frekar eða mjög ósammála og 18% þeirra við veit ekki. Um 16% trúlausra/utan trúfélaga merktu við frekar eða mjög ósammála og 8% við veit ekki. Tilgreind trúfélagsaðild virðist því hafa áhrif á hvernig svarað er.

Sama er uppi á teningnum þegar staðhæfingin „Trúarleg iðkun (t.d. bæn) hefur mikla þýðingu fyrir mig“ er skoðuð út frá trúfélagsaðild að trúfélagi. Þrátt fyrir að mikill meirihluti telji að trúarleg iðkun (bæn) hafi ekki mikla þýðingu fyrir sig sést munur eftir trúfélagsaðild. Um 24% þeirra sem töldu sig til þjóðkirkju merktu við mjög eða frekar sammála en aðeins 9% þeirra sem töldu sig trúlaus/utan trúfélaga merktu við þá möguleika. Að sama skapi merktu um 68% þeirra sem töldu sig til þjóðkirkju við mjög eða frekar ósammála á móti 89% þeirra sem töldu sig trúlaus/utan trúfélaga.

Þegar skoðuð er staðhæfingin „Spurningin um tilvist Guðs er mjög áhugaverð spurning“ kemur líka í ljós munur eftir trúfélagsaðild. Áhuginn á spurningunni um tilvist guðs er meiri meðal þeirra sem tilgreindu sig í þjóðkirkju. Af þeim merktu um 68% við mjög eða frekar sammála og 23% við frekar eða mjög ósammála. Af þeim sem tilgreindu sig trúlaus/utan trúfélaga merktu aftur á móti 37% við mjög eða frekar sammála og 53% við frekar eða mjög ósammála.

## Lífsgildi og gildismat

Í viðhorfakönnuninni voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til staðhæfinga um hvort allar manneskjur séu jafn mikilvægar og einnig hvort þátttaka í hjálparstarfi sé mikilvæg. Ennfremur til fullyrðinga um aðstoð kennara við nemendur. Áhugavert er að bera þessar spurningar saman, út frá kynjamun, og kanna hvort einhver samsvörun sé í svörum.

Tafla 6 – Þátttaka í hjálparstarfi er mikilvæg.		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	181	34,6
Frekar sammála	269	51,4
Frekar ósammála	29	5,5
Mjög ósammála	13	2,5
Veit ekki	31	5,9
Alls	523	100,0

Í *Töflu 6* má sjá að 35% voru mjög sammála fullyrðingunni „Þátttaka í hjálparstarfi er mikilvæg“ og 51% voru frekar sammála henni. Nokkur munur er á milli kynja. Þannig merktu 90% stelpna við mjög eða frekar sammála á móti 80% stráka.

Tafla 7 – Allar manneskjur eru jafn mikilvægar.		
	Fjöldi	%
Mjög sammála	367	69,4
Frekar sammála	108	20,4
Frekar ósammála	26	4,9
Mjög ósammála	17	3,2
Veit ekki	9	1,7
Alls	527	99,6

Í heild töldu 86% svarenda þátttöku í hjálparstarfi mikilvæga. Það er áhugavert að skoða síðan þessi svör og bera saman við svörin við staðhæfingunni um manngildi allra manna, sjá *Töflu 7*.

Þegar svörin við staðhæfingunni „Allar manneskjur eru jafn mikilvægar“ eru skoðuð kemur í ljós að 70% svarenda voru henni mjög sammála og 20% frekar sammála. Það voru því 90% samanlagt sem töldu að allar manneskjur væru jafn mikilvægar. Töluverður munur kemur í ljós þegar skoðuð er kynjaskipting þeirra sem merktu við mjög sammála, en rúm 82% stelpna merktu við þann möguleika á móti tæpum 55% stráka. Munurinn milli kynjanna er þó minni ef tekinn er saman fjöldi þeirra sem merktu við mjög eða frekar sammála. Rúm 96% stelpna merktu við þá möguleika en tæp 83% stráka.

Fullyrðinguna um hvort kennari eigi fyrst og fremst að hjálpa nemendum sem þurfa sérstakan stuðning er áhugavert að bera saman við spurninguna hvort sanngjarnt sé að nemendur fái jafnmikla hjálp frá kennaranum. Hér er höfðað til afstöðu þátttakenda til jafnréttis og kröfunnar um réttlæti og sanngirni.

**Tafla 8 – Kennarinn á fyrst og fremst að hjálpa nemendum sem þurfa sérstakan stuðning.**

	Fjöldi	%
Mjög sammála	71	13,4
Frekar sammála	180	34,0
Frekar ósammála	163	30,8
Mjög ósammála	64	12,1
Veit ekki	49	9,3
Alls	527	99,6

Eins og sjá má á *Töflu 8* eru um 13% nemenda mjög sammála því að kennarinn eigi fyrst og fremst að hjálpa nemendum sem þurfa sérstakan stuðning og 34% eru þessu frekar sammála eða alls 47%. Hér er lítill munur milli kynja. Að öðru leyti dreifast svörin hér meira milli svarmöguleika en áður. Þegar spurt er um hvort sanngjarnt sé að nemendur

**Tafla 9 – Það er sanngjarnt að nemendur fái jafnmikla hjálp frá kennaranum.**

	Fjöldi	%
Mjög sammála	377	71,3
Frekar sammála	130	24,6
Frekar ósammála	8	1,5
Mjög ósammála	3	0,6
Veit ekki	10	1,9
Alls	528	99,8

fái jafn mikla hjálp frá kennaranum eru svörin á annan veg. Um 96% voru þessu mjög eða frekar sammála, sbr. *Töflu 9*. Ríflega 71% eru mjög sammála því að nemendur fái jafn mikla hjálp frá kennaranum. 25% eru þessu frekar sammála. Þegar þessar tvær síðustu fullyrðingar eru bornar saman er áhugavert að velta fyrir sér hvort afstaða þátttakenda til jafnréttis og réttlætis sé háð aðstæðum.

### Samskipti og margbreytileiki

Staðhæfingunni „Vinahópurinn er eitt af því sem veitir mér öryggi“ var þannig svarað að 52% voru mjög sammála og 40% frekar sammála. Vinahópurinn er því augljóslega mikilvægur í að veita öryggi. Fullyrðingunni „Mér finnst erftitt að standast þrýsting frá vinum“ voru einungis 17% mjög eða frekar sammála því, en 85% frekar ósammála og mjög ósammála. Það er því innan við fimmtungur svarenda sem segist eiga í erfiðleikum með að standast hópþrýsting frá vinunum.

Staðhæfingunni „Vinir mínir hafa meiri áhrif á hvernig ég hugsa heldur en fjölskyldan“, voru einungis 7% mjög sammála og 28% frekar sammála, sbr. *Töflu 10*. Tæplega 50% voru frekar ósammála eða mjög ósammála. Fjölskyldan virðist því vera jafn sterkur eða sterkari mótunaraðili heldur en vinirnir að mati þátttakenda.

Fullyrðingunni „Mér finnst mikilvægt að eiga vini með annað móturmál en ég“ svöruðu einungis 8% að þeir væru mjög sammála og 18% að þeir væru frekar sammála, sbr. *Töflu*

**Tafla 10 - Vinir mínir hafa meiri áhrif á hvernig ég hugsa heldur en fjölskyldan.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	36	6,8
<b>Frekar sammála</b>	149	28,2
<b>Frekar ósammála</b>	187	35,3
<b>Mjög ósammála</b>	74	14,0
<b>Veit ekki</b>	74	14,0
<b>Alls</b>	520	98,3

11. Helmingur svarenda eða 52% var frekar eða mjög ósammála. Það vekur athygli að 30% svarenda velur kostinn „veit ekki“ og er það hátt hlutfall.

Athyglisvert er að líta í þessu samhengi á svörin við fullyrðingunni „Mér finnst lærdómsríkt að eiga vini af ólíkum uppruna“. Þar kemur annað í ljós þar sem 84% svarenda sögðu að þeir væru mjög sammála eða frekar sammála. Staðhæfingunni „Rasismi (kynþáttafordómar) á aldrei rétt á sér“, svöruðu 70% að þau væru mjög sammála og 17% að þau væru frekar sammála. Þá virðast þátttakendur ekki mjög uppteknir af trúarviðhorfum fólks. Staðhæfingunni „Ég velti ekki fyrir mér hvernig trúar fólk er“ svöruðu 77% að þeir væru mjög sammála (48%) og frekar sammála, en 24 svarenda voru frekar ósammála.

**Tafla 11 – Mér finnst mikilvægt að eiga vini sem hafa annað móðurmál (fyrsta mál) en ég.**

	Fjöldi	%
<b>Mjög sammála</b>	30	5,7
<b>Frekar sammála</b>	95	18,0
<b>Frekar ósammála</b>	121	22,9
<b>Mjög ósammála</b>	123	23,3
<b>Veit ekki</b>	153	28,9
<b>Alls</b>	522	98,7

Spurt var um form samskipta. Staðhæfingin var „Mér finnst auðveldara að tjá mig á netinu heldur en augliti til auglitis“. Hér skiptust svörin þannig að 42% voru mjög eða frekar sammála, rúmlega 50% voru frekar eða mjög ósammála og 8% vissu það ekki. Staðhæfingunni „Mér finnst skortur á trausti milli fólks vera meira vandamál heldur en efnahagskreppan“ svöruðu 18% að þau væru mjög sammála og 32% að þau væru frekar sammála, 25% voru frekar ósammála og 25% svöruðu veit ekki.

## Umræður

Tilvistartúlkun (Gravem, 1996; Hartman, 1986a, 1986b, 2000; Haakedal, 2004; Skeie, 1998, 2002) unga fólksins á sér stað í samfélagi sem hefur verið að breytast töluvert á undanförunum árum og þróast smám saman frá einsleitni yfir í fjölbreytileika. Áhrif hnattvæðingar og fjölhyggju með tilheyrandi margbreytileika, fljótandi félagslegum tengslum og óvissu setja mark sitt á viðhorf þess, enda einkennist menningin og samfélagið, sá rammi

sem vísað er til í tilvistartúlkuninni, í æ ríkari mæli af margbreytileika og óvissu (Bauman, 2000, 2007; Beck og Beck-Gernsheim, 2001; Berger og Luckmann, 1995; Mor Barak, 2005; Popkewitz og Rizvi, 2009). Rannsóknir með ungu fólki sýna að samfélagsþróunin hefur haft mikil áhrif á aðstæður þess og afstöðu (Krange, 2004, Ziehe og Stubenrauch, 1990). Afstaðan til mikilvægis trúarbragða og áhrifa þeirra á viðhorf einstaklinganna, ásamt afstöðunni til gildis helgiritra trúarbragðanna og trúarlegrar iðkunar, sýnir að hið trúarlega er ekki ráðandi þáttur í tilvistartúlkun stórs hluta unga fólksins. Fjölgjuggu með margbreytileg viðhorf hefur vaxið fiskur um hrygg. Margir þátttakenda virðast því ekki hafa þörf fyrir að leita til trúarbragðanna þegar þeir túlka líf sitt og reynslu og leitast við að gera það merkingarbært. Hér virðist tilgreind trúfélagsaðild jafnvel hafa lítil áhrif, þótt greina megi vissan mun eftir því hvort um er að ræða aðild að þjóðkirkju eða utan trúfélaga. Þróun menningarinnar og samfélagsins í heild, sem umgjarðar tilvistartúlkunarinnar (Geertz, 1973; Parekh, 2006), hefur sín áhrif umfram trúfélagsaðild.

Þrátt fyrir að trúarbrögðin virðist ekki skipta meirihluta hópsins miklu máli í sambandi við tilvistartúlkun lítur út fyrir að tilvistarspurningar vekji áhuga eins og afstaðan til spurningarinnar um tilvist guðs ber með sér. Hún er af mörgum talin áhugaverð. Tilvistarspurningar eru hluti af því ferli, sem tilvistartúlkunin er, og vakna vegna þess að fólk veltir fyrir sér og íhugar breytilegar aðstæður sínar og reynslu (Hartman, 1986a, 1986b, 2000). Þróun samfélags í átt til fjölmenningar og fjölgjuggu breytir því ekki og ungu fólki í slíku samfélagi geta því þótt slíkar spurningar mikilvægar og áhugaverðar.

Munurinn milli kynja vekur strax athygli þegar þessar fyrstu niðurstöður eru skoðaðar. Hann kemur í ljós bæði í afstöðunni til trúarlegra þátta og lífsgilda. Munurinn á milli kynjanna í tilgreindri trú/trúfélagsaðild, þar sem hlutfallslega fleiri strákar tilgreina sig trúlausar eða utan trúfélaga, blasir við, og afstaðan til gildis helgiritra trúarbragða og trúarlegrar iðkunar endurspeglar einnig hliðstæða mynd þar sem algengara er að trúarleg iðkun hafi þýðingu fyrir stelpurnar og algengara að strákar telji helgirit trúarbragðanna hafa lítið gildi nú á tímum vísindalegrar þekkingar. Hliðstæður munur milli kynja hefur komið fram í öðrum rannsóknum á trúarafstöðu og trúariðkun hér á landi (Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, 2006; Gunnar J. Gunnarsson, 1999, 2008). Hér vaknar sú spurning hvað það er í umgjörð tilvistartúlkunarinnar, menningunni og samfélaginu sem leiðir af sér þennan munur milli kynjanna.

Ungt fólk tileiknar sér gildi og norm með því að búa í ákveðnu samfélagi. Hefðirnar eru ekki eins ríkjandi á tímum einstaklingsvæðingar og sú reynsla og lífsmynstur sem gagnaðist áður fyrr hafa lítið gildi í samtímanum. Einstaklingurinn festir sig ekki lengur við ákveðinn stað, né sjálfsmýnd eða tengsl við annað fólk. Í stað þessa er lögð áhersla á hreyfanleika og breytingar (Beck, 1992). Bauman (1994) lýsir vel þessu samfélagsástandi þegar hann segir að einstaklingurinn hafi fætur en ekki rætur. Þáttur hefðarinnar í samfélaginu hefur veikt og það á ekki eingöngu hjá ungu fólki, því þessi leysing á við um allt samfélagi, bæði hjá einstaklingum og stofnunum. Þrátt fyrir þessar breytingar kemur skýrt fram í viðhorfakönnunni að ungt fólk telur að fjölskyldan hafi meiri áhrif á viðhorf þeirra en vinirnir (49%). Þrátt fyrir að aðstæður fjölskyldunnar hafi mikið breyst virðist hún áfram vera kjarninn í tilveru ungs fólks. Það er ekki sjálfgefið að allir hegði sér eða hugsi á vissan hátt. Það er heldur ekki sjálfgefið hvernig foreldrar eigi að hegða sér og þetta sama á við um kennara. Eins og Beck (1992) bendir á í umfjöllun sinni um áhrif leysingar á stöðu einstaklings í samfélaginu er það ekki lengur þannig að einstaklingur gangi inn í ákveðið hlutverk eða hefðir. Það er jafnvel svo að hann verði að skapa sína eigin sjálfsmýnd. Í ljósi áhrifa einstaklingshyggjunnar er áhugavert að skoða hvernig samstaða með öðrum birtist í viðhorfum ungs fólksins til hjálparstarfs og manngildishugsjónarinnar. Það er athyglisvert að 84% svarenda í viðhorfakönnuninni telja þátttöku í hjálparstarfi mikilvæga.

Það kemur einnig í ljós að stelpurnar eru mun jákvæðari en strákararnir. Það er áhugavert í áframhaldandi rannsóknum að skoða nánar í hverju þessi munur liggur.

Hvað varðar fullyrðinguna um gildi allra manna kemur í ljós að 70% svarenda eru henni mjög sammála. Stelpurnar eru hér í miklum meirihluta en strákararnir eru fjölmennari þegar svarmöguleikinn er frekar sammála. Hér er því mikilvægt að kanna nánar afstöðu kynjanna.

Þegar nemendur eru spurðir um viðhorf til þess hvernig kennarinn nýtir tíma sinn í kennslunni kemur fram að 47% svarenda eru því mjög eða frekar sammála að kennarinn hjálpi þeim sem þurfa sérstakan stuðning. Þeir sem eru frekar ósammála eru um 30% og þeir sem eru þessu mjög ósammála eru 12%. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við fullyrðingar um hvort sanngjarnt sé að allir nemendur fái jafn mikla hjálp frá kennara kemur fram að 96% eru því mjög eða frekar sammála. Hér kemur fram ákveðin þverstæða í svörum sem ástæða er til að skoða nánar.

Samskiptin eru ungu þátttakendum í rannsókninni mikilvæg. Traustið á milli fólks er mikilvægt í þeirra augum en efnahagskreppan, vinnuleysisurinn er mikilvægur félagsauður og fjölskyldan hefur mikil og mótandi áhrif á hugsun þeirra. Hér fæst því sterkur stuðningur við hugmyndir Deweys (1916/1966) um mikilvægi samskiptanna, en hann gekk svo langt í bók sinni *Experience and Nature* (Dewey, 1929/1958) að segja að af öllu sem á sér stað væru samskiptin það stórkostlegasta. Í ljósi þess að merkingabær samskipti séu hvort tveggja í senn merkingarmótandi og gildamótandi er athyglisvert að skoða niðurstöður varðandi hvaða þættir það eru sem svarendum þykja mikilvægir varðandi gildi og menningu fólks. Spurningin um trú fólks virðist ekki vera hindrun samskipta og 80% svarenda segja það lærdómsríkt að eiga vini af ólíkum uppruna, en myndin snýst að vissu leyti við þegar þeir eru spurðir um mikilvægi þess að eiga vini með annað móðurmál. Þeir taka mjög ákveðna afstöðu gegn kynþáttafordómum. Í rýnihópasamtölunum væri athyglisvert að fá að vita hvort þeir þekki það af eigin reynslu að geta rökrætt sig frá flýtidómum, og viðhorf þeirra almennt til fordóma (Kristján Kristjánsson, 1999). Hnattvæðingin kemur sterkt fram í vali þeirra á samskiptaformi, en eftir standa spurningarnar hvort tölvuvædd samskipti sé á sama hátt ferli þar sem reynslu sé deilt og hún verði sameign þátttakenda og samskipti augliti til auglitis.

Þegar horft er á þessar niðurstöður rannsóknarinnar kemur ýmislegt áhugavert í ljós um leið og margar spurningar vakna. Þær verða veganesti inn í áframhaldandi vinnu með gögnin og í næsta þátt rannsóknarinnar sem eru rýnihópaviðtölin.

## Heimildir

Banks, J. A. (2007). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues and perspectives* (6. útgáfa) (bls. 3–30). New York: John Wiley and Sons.

Bauman, Z. (1994). Frán pilgrim till turist. *Moderna tider*, 47, 23–30.

Bauman, Z. (2000). *Globaliseringen*. Lund: Studentlitteratur.

Bauman, Z. (2007). *Liquid times. Living in an age of uncertainty*. Cambridge: Polity Press.

Beck, U. (1992). *Risk society. Towards a new modernity*. London: Sage.

Beck, U. og Beck-Gernsheim, E. (2001). *Individualization*. London: Sage.

Berger, P. og Luckmann, T. (1995). *Modernity, pluralism and the crisis of meaning*. Gütersloh: Bertelsmann Foundations Publishers.

- Cohen, L.; Manion, L. og Morrison, K. (2000). *Research methods in education* (5. útgáfa). London: RoutledgeFalmer.
- Dewey, J. (1966). *Democracy and education*. New York: The Free Press. (Ritið kom fyrst út 1916).
- Dewey, J. (1958). *Experience and Nature*. New York: Dover. (Ritið kom fyrst út 1929).
- Friðrik H. Jónsson. (2006). Gengur lífsgildakvarði Schwartz á Íslandi? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 549–558). Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Geertz, C. (1973). *The interpretation of cultures: selected essays*. New York: Basic Books.
- Gravem, P. (1996). Livstolkning. *Prismet*, 6, 235–274.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (2004a). Orðræða ungs fólks um sjálfsmyndir, þjóðarvitund og hnattvæðingu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 49–62.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (2004b). Orðræða ungs fólks um íslenska menningu og skólastarf í ljósi hnattvæðingar. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 373–391). Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Gunnar E. Finnbogason. (2004). Með gildum skal land byggja – gildagrunnur skólans. *Uppeldi og menntun*, 13, 169–183.
- Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson. (2006). Trú og gildi í tilvistartúlkun unglunga. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífsviðhorfi og gildismati íslenskra unglunga. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 23, 43–70.
- Gunnar J. Gunnarsson. (1999). Eru stelpur trúaðri en strákar? *Uppeldi og menntun* 8, 9–33.
- Gunnar J. Gunnarsson. (2008). "I don't believe the meaning of life is all that profound". *A study of Icelandic teenagers' life interpretation and values*. Stokkhólmur: Háskólinn í Stokkhólmi.
- Hagstofa Íslands. (2011a). Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa. Sótt í desember 2011 af <http://www.hagstofa.is>
- Hagstofa Íslands. (2011b). Mannfjöldi eftir trúfélögum. Sótt í október 2011 af <http://www.hagstofa.is>
- Halla Jónsdóttir. (2010). Lýðræði og samræða. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 131–143). Reykjavík: RannUng, Heimspekistofnun Íslands og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Fjölmeningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa S. Jónsdóttir og Magnús Þ. Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmening á Íslandi* (bls. 17–40). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmeningarfræðum KHÍ and Háskólaútgáfan.
- Hartman, S. G. (1986a). *Barns tankar om livet*. Stockholm: Natur och Kultur.
- Hartman, S. G. (1986b). *Children's philosophy of life*. Lund: Gleerup.

- Hartman, S. G. (2000). Livstolkning hos barn och unga. Í E. Almén (ritstjóri), *Livstolkning och värdegrund: att undervisa om religion, livsfrågor och etik* (bls. 53–101). Linköping: Skapande vetande.
- Held, D. og McGrew, A. (2003). *Den omstridde globaliseringen*. Göteborg: Daidalos.
- Haakedal, E. (2004). "Det er jo vanlig praksis hos de fleste her.....". *Religionslærrolle, livstolkning og skolekulturell ritualisering – en religionspedagogisk studie av grunnskola-læreres handlingsrom på 1990-tallet*. Oslo: Universitetet i Oslo. Det teologiske fakultetet.
- Krange, O. (2004). *Grenser for individualisering. Ungdom mellom ny og gammel modernitet*. Oslo: NOVA.
- Kristján Kristjánsson. (1999). Fjárjóður fordómanna. Í Jón Á. Kalmannson (ritstjóri), *Hvers er siðfræði megnug?* (bls. 37–55). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Mor Barak, M. (2005). *Managing diversity. Toward a globally inclusive workplace*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes. Creating multicultural learning communities* (10 ára afmælisútgáfa). New York: Teachers College Press.
- Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism. Cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Popkewitz, T. S. og Rizvi, F. (2009). Globalization and the study of education: An introduction. Í T. S. Popkewitz og F. Rizvi (ritstjórar), *Globalization and the study of education* (bls. 7–28). Malden: Wiley-Blackwell.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 211–224). Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skeie, G. (1998). *En kulturbevisst religionspedagogikk*. Trondheim: Norges teknisk-naturvetenskaplige universitet.
- Skeie, G. (2002). 'Livssyn og livstolkning. Noen religionspedagogiske refleksjoner om terminologi og vitenskapsteori'. *Tidsskrift for teologi og kirke*, 2, 83–106.
- Ziehe, F. og Stubenrauch, H. (1990). *Ny ungdom og usædvanlige læreprosesser*. København: Politisk Revy.
- Pórhallur Örn Guðlaugsson. (2005). Ungmennni og peningar. Í Páll Skúlason og Þórhildur Línadal (ritstjórar), *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 67–73). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.



Bóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 391–400). Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.



Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>